



# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

1. janúar til 31. mars 2022




---

**Efnisyfirlit****Blaðsíða**


Helstu niðurstöður	1
Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	2 - 4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022	6
Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022	6
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2022	7
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022	8
Sjóðstremisýfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022	9 - 10
Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar	11 - 56

---


# Helstu niðurstöður




## Hagnaður




## Rekstrartekjur samtals




## Heildareignir




## Útlán og kröfur á viðskiptavini




## Arðsemi eigin fjár




## Kostnaðarhlutfall (K/T)



## Eiginfjárhlutfall alls



## Heildarlausafjárþekja (LCR)



## Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) leggja fram skýrslu þessa með könnuðum og samandregnum árschlutareikningi samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 sem hefur að geyma reikningsskil bankans og dótturfélaga hans (hér eftir „samstæðan“).

### Um bankann

Landsbankinn er leiðandi fjármálafyrirtæki hér á landi og býður einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum upp á alhliða fjármálaþjónustu.

Kjarni stefnu bankans, sem ber yfirskriftina Landsbanki nýrra tíma, er gagnkvæmt traust og mannleg sýn á bankaviðskipti. Við setjum ánægju viðskiptavina í fyrsta sæti, leggjum áherslu á traustan rekstur og höldum áfram öflugri þróun stafrænna lausna. Við viljum einfalda fólk lífið með því að gera fjármálin aðgengilegri á sama tíma og við eflum ráðgjöf og fræðslu. Ánægja starfsfólks og árangursdrifin menning styrkir rekstur bankans og skapar tækifæri fyrir auknið frumkvæði.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samfélag. Starfsþáttum samstæðunnar er síðan skipt í fjögur megin viðskiptasvið og aðra starfsþætti sem gert er grein fyrir í innri og ytri reikningsskilum samstæðunnar (sjá skýringu 5).

### Rekstur tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 nam 3.216 milljónum króna (1F 2021: 7.618 milljónir króna). Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 4,7% (1F 2021: 11,7%) og hlutfall kostnaðar af tekjum var 54,9% (1F 2021: 45,8%). Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 10.266 milljónum króna og vaxa um 19,0% á milli ára. Hreinar þjónustutekjur námu 2.639 milljónum króna og aukast um 28,5% milli ára. Hreint tap af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði nam 2.094 milljónum króna (1F 2021: 2.371 milljón króna hagnaður). Virðisaukning útlána nam 778 milljónum króna á tímabilinu (1F 2021: 2.489 milljónir króna virðisaukning). Laun og launatengd gjöld námu 3.755 milljónum króna og voru nær óbreytt milli ára. Meðalfjöldi ársverka á tímabilinu var 823 (1F 2021: 892).

Í lok tímabilsins nam eigið fé samstæðunnar 265.310 milljónum króna. Heildareignir námu 1.733.644 milljónum króna og vaxa um 0,2% á fyrsta ársfjórðungnum. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, var 24,3% í lok tímabilsins (31. desember 2021: 26,6%).

Í janúar 2022 lauk bankinn við tvær skuldabréfaútgáfur til þriggja ára undir EMTN-útgáfuramma bankans. Skuldabréfin, sem nema 850 milljónum sænskra króna og 500 milljónum norskra króna, eru með breytilegum vöxtum á kjörum sem jafngilda 80 og 79 punkta álagi á millibankavexti. Jafnframt lauk bankinn við útgáfu á skuldabréfum til tveggja ára að fjárhæð 850 milljónir sænskra króna á kjörum sem jafngilda 65 punkta álagi á millibankavexti. Heildarútgáfan í erlendri mynt á fjórðungnum samsvarar 30.594 milljónum króna í lok reikningsskilatímabilsins.

### Áhættuþættir

Eiginfjárhlutfall bankans er áfram vel yfir gildandi eiginfjárkröfum. Lækkun á eiginfjárhlutfalli frá áramótum skýrist af arðgreiðslu til hluthafa sem samþykkt var á aðalfundi bankans sem haldinn var í mars sl. Bókfært virði útlána til viðskiptavina jókst um 2,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins og jukust útlán bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Áhættugrunnur bankans óx um 2,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins og nam 1.173 milljörðum króna við lok fyrsta ársfjórðungs. Útlánaáhætta er veigamesti áhættuþátturinn í rekstri bankans og nemur hún 91% af áhættugrunni.

Meðallíkur á vanefndum í útlánasafni bankans lækkuðu örlítið á fyrstu þremur mánuðum ársins og voru 2,1% í lok fyrsta ársfjórðungs (31. desember 2021: 2,2%). Virðisrýrnunarsjóður útlána lækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins og voru 778 milljónir króna tekjufærðar vegna virðisaukningarinnar. Helstu ástæður fyrir virðisaukningunni eru lækkun á safnframlagi og lækkun á framlagi í áhættustigi 3. Við lok fyrsta ársfjórðungs nam bókfært virði útlána með virk greiðslufrestunarræði í tengslum við COVID-19 faraldurinn 39,7 milljörðum króna, þar af 33,4 milljarðar króna til fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Bein áhrif af stríðsátökum í Úkraínu á áhættustöðu bankans eru lítil sem engin en óbein áhrif koma helst fram í breytingum á markaðsaðstæðum sem geta haft áhrif á viðskiptavinum, aukinni verðbólgu á Íslandi og í helstu hagkerfum viðskiptalandanna, auknu flökti á fjármálamörkuðum og auknum líkum á netarásum.

Lausafjárstaða bankans er áfram sterk á fyrsta ársfjórðungi 2022. Hlutfall heildarlausafjárþekju í lok fyrsta ársfjórðungs var 142%, 101% í krónum og 292% í erlendum myntum. Þá er markaðsáhætta áfram hófleg og vel innan áhættuvilja bankans.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjástýringu samstæðunnar koma fram í skýringum við ársreikning samstæðunnar og Pillar III áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2021, ásamt Pillar III viðauka fyrir fyrsta ársfjórðung 2022, sem eru aðgengileg á heimasíðu bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

### Hlutafé og arðgreiðslur

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var þann 23. mars 2022, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna ársins 2021 sem næmi 0,61 krónu á hlut og að greiðslan yrði tvískipt. Fyrri arðgreiðslan, 0,31 króna á hlut, var greidd til hluthafa þann 30. mars 2022. Gjaldlagi síðari greiðslunnar, 0,30 krónur á hlut, er 21. september 2022. Arðgreiðslur þessar samsvara um 50% af hagnaði ársins 2021.

Einnig samþykkti aðalfundurinn tillögu bankaráðs um sérstaka arðgreiðslu sem nemur 0,26 krónum á hlut og var hún greidd til hluthafa þann 28. apríl 2022. Fjárhæð sérstöku arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 6.141 milljón króna.

# Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

## Hlutfé og arðgreiðslur (framhald)

Samtals greiðir bankinn því 20.550 milljónir króna í arð á árinu. Eiginfjárgrunnur samstæðunnar lækkar sem nemur arðgreiðslunum og eiginfjárlutföll bankans, samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, lækka um 1,8 prósentustig.

Þann 4. febrúar 2022 tilkynnti bankaráð Landsbankans um ákvörðun sína að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum á endurkaupatímabili sem náði frá 7. febrúar til og með 21. febrúar 2022. Heimildin er í samræmi við samþykkt aðalfundar bankans þann 24. mars 2021 og endurkaupaáætlun sem sett var fram af bankaráði bankans þann 10. júní 2021. Á endurkaupatímabilinu keypti Landsbankinn samtals 156.396 eigin hluti á genginu 11,9658, að kaupvirði 1,9 milljónir króna og á að því loknu um 379 milljónir eigin hluti, eða sem nemur 1,58% af útgefnum hlutum í bankanum.

Aðalfundurinn í mars sl. endurnýjaði jafnframt heimild bankans til kaupa á allt að 10% af nafnverði hlutfjár Landsbankans. Heimildin gildir fram að næsta aðalfundi 2023.

## Efnahagshorfur

Hagvöxtur mældist 4,3% á síðasta ári en vöxturinn var kaflaskiptur yfir árið. Eftir samdrátt á fyrsta ársfjórðungi, sem var í rauninni framhald af samdrætti ársins 2020, tók við kröftugur vöxtur á öðrum og þriðja fjórðungi en vöxturinn gaf síðan aðeins eftir á fjórða fjórðungi. Þróunin á árinu var skýr staðfesting þess að hagkerfið væri byrjað að rísa úr öldudal faraldursins.

Spá Hagfræðideildar Landsbankans frá því í október gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 5,5% á þessu ári en þar munu hafa mikil áhrif bæði miklar loðnuveiðar og mikil hlutfallsleg aukning á fjölda erlendra ferðamanna. Hagfræðideild mun gefa út uppfærða þjóðhags- og verðbólguþá ný í maí og er líklegt að októberspáin verði endurskoðuð aðeins niður á við.

Innrásin í Úkraínu mun hafa lítil bein áhrif á íslenskan efnahag enda utanríkisviðskipti Íslands við bæði Úkraínu og Rússland mjög lítið hlutfall af utanríkisviðskiptum Íslands í heild. Áhrifin af innrásinni verða því fyrst og fremst óbein og eru þegar byrjuð að koma fram í aukinni verðbólgu bæði hér heima og erlendis. Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í apríl gerir ráð fyrir að verðbólga í þróuðum ríkjum í heiminum verði 5,7% á þessu ári. Gangi sú spá eftir verður það mesta verðbólga meðal þróaðra ríkja í tæplega 40 ár. Ljóst er að svo há verðbólga mun draga úr hagvexti í heiminum, bæði í gegnum áhrif á kaupmátt heimila sem mun draga úr einkaneyslu en einnig mun hærri verðbólga kalla á auknið peningalegt aðhald í gegnum hærra vaxtastig. Það mun draga úr eftirspurn og fjárfestingu og þannig úr hagvexti.

Verðbólga á Íslandi hefur líka vaxið hratt á síðustu mánuðum sem skýrist bæði af aukinni verðbólgu í viðskiptalöndunum og verðhækkunum á íbúðarhúsnæði heima fyrir. Verðbólga reyndist vera 7,2% nú í apríl. Búast má við að hún sé nálægt hámarki og taki að hjaðna hægt og bítandi upp úr miðju ári. Verðbólga verður þó enn langt yfir markmiði í lok árs samkvæmt spá Hagfræðideildar sem er á þá leið að verðbólga muni hjaðna hratt í átt að markmiði í byrjun næsta árs.

Atvinnuleysi hefur lækkað nokkuð hratt að undanförunu og er sú þróun ekki síst tilkomin vegna mikillar notkunar ráðningarstyrkja. Atvinnuleysi var 4,9% nú í mars og er það komið niður á svipað stig og fyrir faraldur. Líklegt er að áfram muni draga úr atvinnuleysi eftir því sem ferðabjónustan nær vopnum sínum á ný.

Vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst fyrir ári síðan þegar peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig. Þeirri hækkun var fylgt eftir með viðlíka hækkunum í ágúst og október. Síðan hafa skrefin verið stærri en Seðlabankinn hækkaði vexti um 0,50 prósentustig í desember og 0,75 prósentustig í febrúar. Stærsta skrefið var síðan tekið núna í maí þegar vextir voru hækkaðir um 1 prósentustig. Vextirnir standa eftir þá breytingu í 3,75%. Verðbólga hefur vaxið hratt og verðbólguhorfur versnað. Nýjasta verðbólguþá Seðlabankans hljóðar upp á yfir 8% verðbólgu á þriðja og fjórða ársfjórðungi og að verðbólgan fari ekki undir 4% fyrr en á fjórða fjórðungi næsta árs. Verðbólguvæntingar hafa einnig aukist og eru á alla mælikvarða töluvert umfram verðbólguþá til skemmri tíma lítið. Ljóst er að peningastefnunefnd mun halda áfram að hækka vexti til að stemma stigu við og draga úr eftirspurn.

## Stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans var endurkjörð í heild sinni á aðalfundi bankans í mars sl. Helga Björk Eiríksdóttir var endurkjörin formaður bankaráðs. Aðrir endurkjörnir aðalmenn eru: Berglind Svavarsdóttir, sem jafnframt er varaformaður, Elín H. Jónsdóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Guðrún Ó. Blöndal, Helgi F. Arnarson og Þorvaldur Jacobsen. Endurkjörnir varamenn eru: Sigríður Olgeirsdóttir og Sigurður Jón Björnsson. Formenn nefnda eru óbreyttir: Guðbrandur er formaður áhættunefndar, Helgi formaður endurskoðunarnefndar og Helga Björk formaður starfskjaranefndar.

## Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

### Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna þar að lútandi.

Það er álit okkar að samandreginn árshlutareikningur Landsbankans hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2022 og af breytingum á handbæru fé á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022.

Það er enn fremur álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar lýsi megináhættum og óvissuþáttum sem að samstæðunni stöðja.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2022

#### Bankaráð

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður  
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður  
Elín H. Jónsdóttir  
Guðbrandur Sigurðsson  
Guðrún Ó. Blöndal  
Helgi F. Arnarson  
Þorvaldur Jacobsen

#### Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsbankans hf. (hér eftir árshlutareikning) fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjóra, rekstrarreikning, heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar. Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 5. maí 2022

*PricewaterhouseCoopers ehf.*

Arna G. Tryggvadóttir  
löggiltur endurskoðandi

Atli Þór Jóhannsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022

Skýringar		2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
	Vaxtatekjur	21.101	14.332
	Vaxtagjöld	(10.835)	(5.706)
6	<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>10.266</b>	<b>8.626</b>
	Þjónustutekjur	3.621	2.875
	Þjónustugjöld	(982)	(821)
7	<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>2.639</b>	<b>2.054</b>
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	(2.094)	2.371
	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	8	(27)
9	Hrein virðisbreyting	778	2.489
10	Aðrar tekjur og (gjöld)	393	246
	<b>Aðrar rekstrartekjur (gjöld)</b>	<b>(915)</b>	<b>5.079</b>
	<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>11.990</b>	<b>15.759</b>
11	Laun og launatengd gjöld	(3.755)	(3.769)
	Annar rekstrarkostnaður	(2.399)	(2.315)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(510)	(467)
	<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(6.664)</b>	<b>(6.551)</b>
	<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>5.326</b>	<b>9.208</b>
12	Tekjuskattur	(2.110)	(1.590)
	<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>3.216</b>	<b>7.618</b>
	<b>Hagnaður tímabilsins tilheyrir:</b>		
	Hluthöfum bankans	3.216	7.618
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>3.216</b>	<b>7.618</b>
	<b>Hagnaður á hlut</b>		
29	Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	0,14	0,32

## Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022

Skýringar		2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
	Hagnaður tímabilsins	3.216	7.618
	Önnur heildarafkoma tímabilsins eftir skatta	0	0
	<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>3.216</b>	<b>7.618</b>

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.



## Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2022

Skýringar	31.3.2022	31.12.2021	
<b>Eignir</b>			
17, 47	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	68.406	82.425
18	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	129.661	150.435
19	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	28.990	33.347
20	Afleiðusamningar	1.453	1.233
21, 47	Útlán og kröfur á lánastofnanir	58.179	47.231
22, 47	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.416.504	1.387.463
	Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	1.783	1.857
	Rekstrarfjármunir	14.073	13.019
	Óefnislegar eignir	1.763	1.781
25	Skatteign	52	15
23	Aðrar eignir	12.006	10.087
	Eignir í sölumeðferð	774	905
	<b>Eignir samtals</b>	<b>1.733.644</b>	<b>1.729.798</b>
<b>Skuldir</b>			
	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	6.557	10.425
	Innlán frá viðskiptavinum	922.556	900.098
20	Afleiðusamningar og skortstöður	2.927	4.562
24, 47	Lántaka	472.827	486.042
25	Skattskuldir	11.276	9.602
26	Aðrar skuldir	31.647	15.609
	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	20	30
27	Víkjandi lántaka	20.524	20.785
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.468.334</b>	<b>1.447.153</b>
28	<b>Eigið fé</b>		
	Hlutfé	23.621	23.621
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	120.593	120.594
	Varasjóðir	21.648	23.591
	Óráðstafað eigið fé	99.448	114.839
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>265.310</b>	<b>282.645</b>
	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.733.644</b>	<b>1.729.798</b>

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Eiginfjárfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022

### Skýringar

		Hluthafar bankans								
		Varasjóðir*								
		Lögbundinn varasjóður			Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram greiddan arð		Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning			
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2022		Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram greiddan arð	Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022		23.621	120.594	6.000	5.272	12.319	114.839	282.645		282.645
Hagnaður tímabilsins							3.216	3.216		3.216
Flutt á (af) bundnu óráðstöfuðu eigin fé					472	(2.414)	1.942	0		0
Kaup á eigin hlutum		-	(2)					(2)		(2)
Úthlutaður arður							(20.550)	(20.550)		(20.550)
28	<b>Eigið fé 31. mars 2022</b>	<b>23.621</b>	<b>120.593</b>	<b>6.000</b>	<b>5.744</b>	<b>9.904</b>	<b>99.448</b>	<b>265.310</b>	<b>0</b>	<b>265.310</b>
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021										
Eigið fé 1. janúar 2021		23.625	120.630	6.000	3.659	9.591	94.750	258.255		258.255
Hagnaður tímabilsins							7.618	7.618		7.618
Flutt á bundið óráðstafað eigið fé					338	1.984	(2.322)	0		0
Úthlutaður arður							(4.489)	(4.489)		(4.489)
28	<b>Eigið fé 31. mars 2021</b>	<b>23.625</b>	<b>120.630</b>	<b>6.000</b>	<b>3.997</b>	<b>11.575</b>	<b>95.557</b>	<b>261.384</b>	<b>0</b>	<b>261.384</b>

\*Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um ársreikninga nr. 3/2006

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022

Skýringar	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður tímabilsins	3.216	7.618
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(6.559)	(11.884)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(11.972)	(45.070)
Innheimtar vaxtatekjur	17.262	12.690
Greidd vaxtagjöld	(4.115)	(2.291)
Fenginn arður	(61)	21
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur fjármálafyrirtækja	(984)	(2.326)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	<b>(3.213)</b>	<b>(41.242)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir rekstrarfjármunir	(1.159)	(1.017)
Seldir rekstrarfjármunir	1	21
Keyptar óefnislegar eignir	(44)	(211)
Sala á hlutdeildarfélagi	242	-
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>(960)</b>	<b>(1.207)</b>
<b>Fjármögnunahreyfingar</b>		
Lántaka	34.767	71.773
Kaup á eigin hlutum	(2)	-
Endurgreiðsla á lántöku	(41.840)	(30.533)
Greidd húsaleiga	(166)	(158)
Greiddur arður	(7.323)	(4.489)
<b>Fjármögnunahreyfingar</b>	<b>(14.564)</b>	<b>36.593</b>
Handbært fé í upphafi tímabilsins	84.388	69.091
Breyting á handbæru fé	(18.737)	(5.856)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	194	584
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>65.845</b>	<b>63.819</b>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunahreyfingar sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi</b>		
Samþykktur arður til hluthafa	(13.228)	-
Ógreiddur arður til hluthafa	13.228	-
<b>Handbært fé sundurliðað</b>		
17 Sjóður og innstæður í Seðlabanka	68.406	59.937
21 Innstæður hjá lánastofnunum	10.309	19.025
17 Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka	(12.870)	(15.143)
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>65.845</b>	<b>63.819</b>

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2022

Skýringar	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi</b>		
6 Hreinar vaxtatekjur	(10.266)	(8.626)
8 Hreinn (hagnaður) tap af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	2.094	(2.371)
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(202)	(557)
9 Hrein virðisbreyting	(778)	(2.489)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	-	(14)
Hreinar (tekjur) gjöld af fullnustueignum	(173)	(115)
Afskriftir	314	315
Hagnaður af sölu hlutdeildarféлага	(152)	-
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð	(16)	(84)
Skattur á heildarskuldir fjármálaþyrtingar	510	467
12 Tekjuskattur	2.110	1.590
	<b>(6.559)</b>	<b>(11.884)</b>

### Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum

Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	428	(1.489)
Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	21.304	(19.264)
Breytingar á útlánum og kröfum á lánastofnanir	(18.128)	(4.790)
Breytingar á útlánum og kröfum á viðskiptavinum	(32.526)	(19.043)
Breytingar á öðrum eignum	(3.534)	(3.757)
Breytingar á eignum í sölumæðferð	295	327
Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	(3.866)	(7.939)
Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	23.781	2.252
Breytingar á tekjuskattskuldbindingu	(37)	27
Breytingar á öðrum skuldum	311	8.606
	<b>(11.972)</b>	<b>(45.070)</b>

### Breyting á skuldum vegna fjármögnunarhreyfinga

	Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði					31.3.2022
	1.1.2022	Greiðslu- flæði	Áfallnir vextir	Gengis- munur	Gangvirðis- breyting	
Veðtryggð skuldabréf	217.887	3.298	4.521	-	-	225.706
Óveðtryggð skuldabréf	181.905	10.092	431	(7.766)	-	184.662
Óveðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	66.470	(21.040)	81	(2.036)	(440)	43.035
Önnur óveðtryggð lántaka	19.780	(71)	73	(358)	-	19.424
Víkjandi lán	20.785	-	294	(555)	-	20.524
<b>Samtals</b>	<b>506.827</b>	<b>(7.721)</b>	<b>5.400</b>	<b>(10.715)</b>	<b>(440)</b>	<b>493.351</b>

	Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði					31.3.2021
	1.1.2021	Greiðslu- flæði	Áfallnir vextir	Gengis- munur	Gangvirðis- breyting	
Veðtryggð skuldabréf	189.360	12.325	2.550	-	-	204.235
Óveðtryggð skuldabréf	116.196	28.250	536	(6.203)	-	138.779
Óveðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	95.468	(99)	100	(4.429)	(589)	90.451
Önnur óveðtryggð lántaka	19.154	93	77	(80)	-	19.244
Víkjandi lán	21.366	-	217	(733)	-	20.850
<b>Samtals</b>	<b>441.544</b>	<b>40.569</b>	<b>3.480</b>	<b>(11.445)</b>	<b>(589)</b>	<b>473.559</b>

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Skýring	Blaðsíða	Skýring	Blaðsíða
<b>Almennt</b>			
1	Upplýsingar um félagið og samstæðuna.....	12	
2	Grundvöllur reikningssskilanna.....	12	
3	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir.....	12	
4	Hagspár.....	12-13	
5	Starfsþættir.....	13-14	
<b>Skýringar við rekstrarreikning</b>			
6	Hreinar vaxtatekjur.....	15	
7	Hreinar þjónustutekjur.....	15	
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði.....	15	
9	Hrein virðisbreyting.....	15	
10	Aðrar tekjur og (gjöld).....	16	
11	Laun og launatengd gjöld.....	16	
12	Tekjuskattur.....	16	
<b>Skýringar við efnahagsreikning</b>			
13	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda.....	17-18	
14	Gangvirði fjáreigna og fjárskulda.....	19	
15	Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati.....	19-20	
16	Vænt útlánatap.....	20	
17	Sjóður og innstæður í Seðlabanka.....	21	
18	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.....	21	
19	Hlutabréf og hlutabréfageringar.....	21	
20	Afleiðusamningar og skortstöður.....	22-23	
21	Útlán og kröfur á lánastofnanir.....	23	
22	Útlán og kröfur á viðskiptavini.....	24	
23	Aðrar eignir.....	24	
24	Lántaka.....	25-26	
25	Skatteign og skattskuld.....	26-27	
26	Aðrar skuldir.....	27	
27	Víkjandi lántaka.....	27	
28	Eigið fé.....	28-29	
<b>Aðrar skýringar</b>			
29	Hagnaður á hlut.....	29	
30	Málaferli.....	29-30	
31	Hlutdeild í dótturfélögum.....	30	
32	Viðskipti við tengda aðila.....	30-31	
33	Atburðir eftir reikningsskiladag.....	31	
<b>Eiginfjárstýring</b>			
34	Eiginfjárkröfur.....	32	
35	Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárhlutföll.....	32-33	
36	Vogunarlutfall og MREL.....	33-34	
<b>Áhættustýring</b>			
<b>Útlánaáhætta</b>			
37	Hámarks útlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum.....	35-36	
38	Tryggingar og veðhlutföll.....	37-38	
39	Tegundir trygginga.....	39	
40	Gæði útlána og krafna.....	40	
41	Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila.....	41	
42	Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig.....	42-43	
43	Virðisrýrnun útlána og krafna.....	44-45	
44	Stórar áhættuskuldbindingar.....	45	
<b>Lausafjárahætta</b>			
45	Stýring lausafjárahættu.....	46-47	
46	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda.....	47-49	
47	Veðsettar eignir.....	50	
<b>Markaðsáhætta</b>			
48	Stýring markaðsáhættu.....	50	
49	Hlutabréfaáhætta.....	50	
50	Vaxtaáhætta.....	51	
51	Verðtryggingaráhætta (öll söfn).....	52	
<b>Gjaldeyrísáhætta</b>			
52	Gjaldeyrísáhætta (öll söfn).....	53	
53	Sampjöppun gjaldeyrísáhættu.....	53	
54	Gengi erlendra gjaldmiðla.....	54	
<b>Lykiltölur samstæðunnar</b>			
55	Rekstur eftir ársfjórðungum.....	55	
56	Lykiltölur og hlutföll.....	56	

# Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

## Almennt

### 1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Landsbankans fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar þjónustu. Samstæðan er eingöngu með starfsemi á Íslandi.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 34 „Árshlutareikningsskil“, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans samþykktu árshlutareikning samstæðunnar og veittu heimild til útgáfu hans þann 5. maí 2022.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar og ársreikningur og skal lesinn í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir reikningsárið 2021 sem nálgast má á heimasíðu bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

#### Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa eðlilegar væntingar um að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur samstæðunnar er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

#### Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslensk króna (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

#### Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila samstæðunnar krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaáðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árshlutareikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

### 3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Reikningsskilaáðferðum, sem settar eru fram í árshlutareikningi samstæðunnar, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaáðferðirnar eru þær sömu og beitt er í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2021.

### 4. Hagspár

Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir og kynnir þær fyrir matsteymi bankans.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðnar lykil hagstærðir líkansins sem notaðar eru við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps fyrir áhættustig 1 og 2. Á reikningsskiladegi gerir grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans ráð fyrir 5,2% vexti í vergri landsframléiðslu (VLF) á þessu ári. Spánnar fyrir jákvæða sviðsmynd, grunnsviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem er til meðallangs tíma. Jákvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (31. desember 2021; 20%), grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% (31. desember 2021; 60%) og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 30% (31. desember 2021; 20%).

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann
31. mars 2022						
Hagvöxtur	6,3%	4,1%	4,1%	1,9%	1,6%	0,1%
Atvinnuleysi	3,6%	2,4%	4,6%	3,7%	7,4%	5,9%
Stýrivextir	3,6%	2,6%	4,3%	4,3%	6,8%	5,3%
Verðbólga	4,7%	2,5%	5,4%	2,9%	9,0%	4,4%
Gengi Evru	138,9	132,3	141,1	135,6	157,1	146,3
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	9,5%	1,6%	13,8%	4,8%	16,5%	7,3%

## Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

### 4. Hagspár (framhald)

31. desember 2021	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann
Hagvöxtur	7,8%	4,1%	5,6%	1,9%	3,0%	-0,1%
Atvinnuleysi	3,7%	2,5%	4,7%	3,8%	7,6%	6,1%
Stýrivextir	3,4%	5,3%	2,9%	3,9%	2,3%	1,7%
Verðbólga	4,7%	3,5%	3,6%	2,6%	5,0%	2,5%
Gengi Evru	143,1	136,0	145,3	139,3	161,3	150,0
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	12,9%	7,0%	10,2%	4,5%	7,9%	1,4%

Framlag vegna virðisrýrnunar útlána (áhættustigi 1 og áhættustigi 2)	31. mars 2022			31. desember 2021		
	Jákvæð sviðsmynd	Grunnsviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd	Jákvæð sviðsmynd	Grunnsviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd
Hlutfall útlána í áhættustigi 2	5.630	5.794	7.581	6.005	6.273	7.152
	5,8%	5,8%	6,1%	6,8%	6,9%	7,1%

Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustigi 1 og áhættustigi 2)	Fært í reikningsskilum skv. IFRS 9	
	31. mars 2021	31. desember 2021
	6.296	6.394

### 5. Starfsþættir

Starfsþáttayfirlitið fyrir samstæðuna er birt í samræmi við innri upplýsingagjöf til bankastjóra og bankaráðs sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþáttanna, sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samfélag. Starfsþættir samstæðunnar samanstanda aftur á móti af fjórum megin viðskiptasviðum og öðrum starfsþáttum. Viðskiptasviðin voru eftirfarandi í lok reikningsskilatímabilsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Áhersla er í auknum mæli lögð á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, bæði í gegnum netbanka og app bankans, ásamt hefðbundinni þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- **Fyrirtækjasvið** býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu upp á fjármálaþjónustu með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, eins og netbanka fyrirtækja og app bankans.
- **Eignastýring og miðlun** býður upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri, afleiður, auk víðtækrar þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttauppgjör Eignastýringar og miðlunar.
- **Fjárstýring og viðskiptavakt** eru einingar innan **Fjármála og reksturs** sem hafa m.a. með höndum fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, verðlagningu fjármagns innan bankans og viðskiptavakt með gjaldeyri, skuldabréf og hlutabréf. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru í áhættuvilja bankans.

Undir aðra starfsþætti falla Fjármál og rekstur (að undanskildum Fjárstýringu og Viðskiptavakt), Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samfélag. Einnig falla þar undir Skrifstofa bankastjóra og Innri endurskoðun.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun innbyrðis viðskipta og rekstrarliðum sem ekki er unnt að heimfæra á starfsþætti.

Stjórnunarkostnaði annarra starfsþátta samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi viðskiptasvið á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem stoðdeildirnar veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingarverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, á grundvelli notkunar eða unninna verka. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskatti er skipt niður á viðskiptasvið í samræmi við gildandi hlutfall, eða 0,145%.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþátta, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars 2022 og á samsvarandi tímabili 2021.

## Skýringar við ársþlutareikning samstæðunnar

### 5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. mars 2022	Fjárstýring og							Samtals
	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Eignastýring og miðlun	viðskipta- vakt	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur		
Hreinar vaxtatekjur	4.223	4.677	162	1.236	(14)	(18)	10.266	
Hreinar þjónustutekjur	714	408	1.590	(66)	31	(38)	2.639	
Hrein virðisbreyting	(59)	841	(1)	(3)	-	-	778	
Aðrar tekjur og (gjöld)	38	(4)	21	(1.948)	206	(6)	(1.693)	
<b>Rekstrartekjur (gjöld) samtals</b>	<b>4.916</b>	<b>5.922</b>	<b>1.772</b>	<b>(781)</b>	<b>223</b>	<b>(62)</b>	<b>11.990</b>	
Rekstrargjöld samtals	(1.529)	(747)	(503)	(519)	(2.901)	45	(6.154)	
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(201)	(101)	(2)	(204)	(2)	-	(510)	
<b>Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta</b>	<b>3.186</b>	<b>5.074</b>	<b>1.267</b>	<b>(1.504)</b>	<b>(2.680)</b>	<b>(17)</b>	<b>5.326</b>	
Útskiptur kostnaður	(1.019)	(694)	(269)	(243)	2.225	-	0	
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>2.167</b>	<b>4.380</b>	<b>998</b>	<b>(1.747)</b>	<b>(455)</b>	<b>(17)</b>	<b>5.326</b>	
Tekjuskattur	(555)	(1.141)	(354)	(171)	111	-	(2.110)	
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>1.612</b>	<b>3.239</b>	<b>644</b>	<b>(1.918)</b>	<b>(344)</b>	<b>(17)</b>	<b>3.216</b>	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	9.252	8.450	1.828	(7.695)	217	-	12.052	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(4.336)	(2.528)	(56)	6.914	6	-	0	
<b>Rekstrartekjur (gjöld) samtals</b>	<b>4.916</b>	<b>5.922</b>	<b>1.772</b>	<b>(781)</b>	<b>223</b>	<b>0</b>	<b>12.052</b>	
<b>31. mars 2022</b>								
<b>Eignir samtals</b>	789.696	607.707	12.471	701.519	23.041	(400.790)	1.733.644	
<b>Skuldir samtals</b>	752.331	499.694	7.938	586.120	23.041	(400.790)	1.468.334	
<b>Úthlutað eigið fé</b>	37.365	108.013	4.533	115.399	-	-	265.310	

1. janúar - 31. mars 2021	Fjárstýring og							Samtals
	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Eignastýring og miðlun	viðskipta- vakt	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur		
Hreinar vaxtatekjur	4.017	4.590	113	(77)	(17)	-	8.626	
Hreinar þjónustutekjur	615	295	1.237	(83)	90	(100)	2.054	
Hrein virðisbreyting	477	2.012	(1)	1	-	-	2.489	
Aðrar tekjur og (gjöld)	75	57	100	2.203	159	(4)	2.590	
<b>Rekstrartekjur (gjöld) samtals</b>	<b>5.184</b>	<b>6.954</b>	<b>1.449</b>	<b>2.044</b>	<b>232</b>	<b>(104)</b>	<b>15.759</b>	
Rekstrargjöld samtals	(1.680)	(721)	(520)	(204)	(3.064)	105	(6.084)	
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(187)	(83)	(3)	(194)	-	-	(467)	
<b>Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta</b>	<b>3.317</b>	<b>6.150</b>	<b>926</b>	<b>1.646</b>	<b>(2.832)</b>	<b>1</b>	<b>9.208</b>	
Útskiptur kostnaður	(1.109)	(708)	(278)	(229)	2.324	-	0	
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>2.208</b>	<b>5.442</b>	<b>648</b>	<b>1.417</b>	<b>(508)</b>	<b>1</b>	<b>9.208</b>	
Tekjuskattur	(559)	(1.316)	196	(13)	102	-	(1.590)	
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>1.649</b>	<b>4.126</b>	<b>844</b>	<b>1.404</b>	<b>(406)</b>	<b>1</b>	<b>7.618</b>	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	7.401	8.718	1.389	(1.874)	229	-	15.863	
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(2.217)	(1.764)	60	3.918	3	-	0	
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>5.184</b>	<b>6.954</b>	<b>1.449</b>	<b>2.044</b>	<b>232</b>	<b>0</b>	<b>15.863</b>	
<b>31. mars 2021</b>								
<b>Eignir samtals</b>	667.563	627.192	14.623	656.722	2.770	(367.918)	1.600.952	
<b>Skuldir samtals</b>	635.415	505.867	8.246	555.188	2.770	(367.918)	1.339.568	
<b>Úthlutað eigið fé</b>	32.148	121.325	6.377	101.534	-	-	261.384	



## Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

### Skýringar við rekstrarreikning

#### 6. Hreinar vaxtatekjur

	1.1-31.3.2022			1.1-31.3.2021		
	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals	Afskrifað kostnaðar- verð	Gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Samtals
<b>Vaxtatekjur</b>						
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	451	-	451	77	-	77
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	-	0	24	-	24
Útlán og kröfur á lánastofnanir	1	-	1	2	-	2
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	20.381	264	20.645	14.060	157	14.217
Aðrar vaxtatekjur	2	2	4	2	10	12
<b>Samtals</b>	<b>20.835</b>	<b>266</b>	<b>21.101</b>	<b>14.165</b>	<b>167</b>	<b>14.332</b>
<b>Vaxtagjöld</b>						
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(37)	-	(37)	(148)	-	(148)
Innlán frá viðskiptavinum	(4.990)	-	(4.990)	(1.625)	-	(1.625)
Lántaka	(5.048)	(84)	(5.132)	(3.161)	(100)	(3.261)
Önnur vaxtagjöld	(35)	(346)	(381)	(25)	(430)	(455)
Víkjandi lántaka	(295)	-	(295)	(217)	-	(217)
<b>Samtals</b>	<b>(10.405)</b>	<b>(430)</b>	<b>(10.835)</b>	<b>(5.176)</b>	<b>(530)</b>	<b>(5.706)</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>10.430</b>	<b>(164)</b>	<b>10.266</b>	<b>8.989</b>	<b>(363)</b>	<b>8.626</b>

Samtals námu hreinar vaxtatekjur, reiknaðar með aðferð virkra vaxta, 10.266 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, samanborið við 8.626 milljónir króna á sama tímabili 2021.

#### 7. Hreinar þjónustutekjur

	1.1-31.3.2022			1.1-31.3.2021		
	Þjónustu- tekjur	Þjónustu- gjöld	Hreinar þjónustu- tekjur	Þjónustu- tekjur	Þjónustu- gjöld	Hreinar þjónustu- tekjur
Markaðsviðskipti	1.724	(166)	1.558	1.352	(160)	1.192
Útlán og ábyrgðir	263	-	263	243	-	243
Greiðslukort	1.210	(557)	653	916	(425)	491
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	229	(52)	177	216	(48)	168
Annað	195	(207)	(12)	148	(188)	(40)
<b>Samtals</b>	<b>3.621</b>	<b>(982)</b>	<b>2.639</b>	<b>2.875</b>	<b>(821)</b>	<b>2.054</b>

#### 8. Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði</b>		
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	141	102
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	(2.531)	1.940
Afleiður og undirliggjandi áhættuvarnir	278	224
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	(4)	56
Hreinn hagnaður af gangvirðisvörn	22	49
<b>Samtals</b>	<b>(2.094)</b>	<b>2.371</b>

#### 9. Hrein virðisbreyting

	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
Hrein virðisbreyting útlána til viðskiptavina	781	2.499
Hrein virðisbreyting annarra fjáreigna	(3)	(10)
<b>Hrein virðisbreyting fjáreigna</b>	<b>778</b>	<b>2.489</b>
<b>Hrein virðisbreyting eftir tegund viðskiptavina</b>		
Opinberir aðilar	-	1
Einstaklingar	(83)	338
Fyrirtæki	861	2.150
<b>Hrein virðisbreyting fjáreigna</b>	<b>778</b>	<b>2.489</b>

## Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

### 10. Aðrar tekjur og (gjöld)

	2022	2021
	1.1-31.3	1.1-31.3
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	16	84
Hreinar tekjur (gjöld) af fullnustueignum	173	115
Annað	204	47
<b>Samtals</b>	<b>393</b>	<b>246</b>

### 11. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
	1.1-31.3	1.1-31.3
Launagreiðslur	2.939	2.950
Framlög í líffeyrissjóði	415	422
Tryggingagjald	200	194
Sérstakur fjársýsluskattur á laun	173	175
Önnur launatengd gjöld	28	28
<b>Samtals</b>	<b>3.755</b>	<b>3.769</b>
Meðaltal ársverka á tímabilinu	823	892

### 12. Tekjuskattur

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning sem hér segir:

	2022	2021
	1.1-31.3	1.1-31.3
Tekjuskattur til greiðslu	(1.725)	(1.264)
Sérstakur fjársýsluskattur	(423)	(299)
Breyting á tímabundnum mismun skatteigna/-skulda	38	(27)
<b>Samtals</b>	<b>(2.110)</b>	<b>(1.590)</b>

